

## Kynning og leiðbeiningar

Flokkun á grófhreyfingum barna með CP byggist á virkum hreyfingum þeirra og er lögð sérstök áhersla á að sitja (stjórn á bol) og ganga. Grófhreyfifærni er skilgreind og flokkuð í fimm flokka. Lögð er áhersla á að munurinn á milli þeirra hafi klíniska þýðingu. Hann ræðst af því hve mikil hreyfihömlunin er, þörf fyrir hjálpartæki, og í litlum mæli gæði hreyfinga. Þörf fyrir hjálpartæki er metin með því að líta á m.a. gönguhjálpartæki (göngugrindur, hækjur, stafir) og rafmagnshjólástóla. Flokkur I nær einnig til barna sem eru með betri hreyfifærni en börn með CP en eru greind með væga skerðingu í miðtaugakerfi. Munurinn á flokkum I og II er því ekki eins skýr og á öðrum flokkum, sérstaklega ef börnin eru yngri en tveggja ára.

Finnið út hvaða flokkur lýsir getu barnsins og hreyfihömlun þess heima, í skóla og á almannafæri. Flokkunin á að byggja á venjubundinni frammistöðu barnsins (ekki bestu getu) og forðist að blanda inn í hana spá um framtíðarhorfur. Munið að tilgangurinn er að flokka núverandi grófhreyfifærni en hvorki að meta gæði hreyfinga né möguleika á framförum.

Lýsing á flokkunum fimm er almenn og er ekki ætlað að lýsa færni barnanna á öllum sviðum. Barn með helftarlömun sem getur til dæmis ekki skrðið á fjórum fótum en fellur að öðru leyti að lýsingu á flokki I fer í hann. Kvarðinn er raðkvarði (ordinal), bilin á milli flokkanna eru ekki jöfn og börn með CP raðast ekki jafnt í flokkanna. Samantekt á því sem aðgreinir flokkana á að auðvelda flokkun á grófhreyfifærni barnsins.

Fyrirsögn í hverjum flokki vísar til bestu hreyfigetu sem barn nær á aldrinum 6-12 ára. Höfundar telja að flokkun á grófhreyfifærni sé háð aldri, sérstaklega meðal yngri aldurshópa. Innan hvers flokks er hverjum aldurshópi lýst sérstaklega. Skilgreiningum á færni og hreyfihömlun aldurshópanna er ætlað að vera leiðbeinandi, þær eru ekki ahliða og fela ekki í sér stöðlun (norm). Leiðrétta skal aldur fyrirbura undir tveggja ára aldri.

Höfundar leggja áherslu á færni barnanna fremur en hreyfihömlun þeirra.

# Flokkun á grófhreyfifærni barna með cerebral palsy (CP)

Robert Palisano  
Peter Rosenbaum  
Stephen Walter  
Dianne Russell  
Ellen Wood  
Barbara Galuppi

Vinsamlegast lesið kynningu og leiðbeiningar um notkun á baksíðu.

Tilvísun: *Developmental Medicine & Child Neurology* 1997; 39:214-223.

© Neurodevelopmental Clinical Research Unit, McMaster University, Ontario, Kanada 1997  
© Íslensk þýðing 2001. Björg Guðjónsdóttir og Ingveldur Friðriksdóttir  
© Íslensk þýðing, lagfærð og endurútgefin 2005. Björg Guðjónsdóttir og Ingveldur Friðriksdóttir

## Flokkun á grófhreyfifærni barna með CP

### Flokkur I

Ganga án erfiðleika, skert færni við flóknari grófhreyfingar. Fyrir 2 ára aldur: Börnin fara í og úr sitjandi stöðu og geta setið á gólfi án þess að styðja sig með höndum. Þau handfjatla hluti með báðum höndum. Þau skriða á fjórum fótum, toga sig upp til að standa og ganga nokkur skref meðfram. Þau fara að ganga sjálf milli 18 – 24 mánaða án gönguhjálpartækja.

Frá 2 til 4 ára aldurs: Börnin geta setið á gólfi án þess að styðja sig með höndum. Þau handfjatla hluti með báðum höndum. Þau geta farið úr og í sitjandi stöðu á gólfi og standa upp án aðstoðar. Þau ganga um án gönguhjálpartækja.

Frá 4 til 6 ára aldurs: Börnin setjast í og standa upp úr stól og sitja í stól án þess að styðja sig. Þau standa upp af gólfi og upp úr stól án þess að styðja sig við. Þau ganga um úti og inni og geta gengið stiga. Getan til að hlaupa og hoppa er að koma í ljós.

Frá 6 til 12 ára aldurs: Börnin ganga um inni og úti og ganga stiga án erfiðleika. Þau geta gert flóknari grófhreyfingar, þar með talin hlaup og hopp, en nokkuð vantar upp á hraða, jafnvægi og samhæfingu hreyfinga.

### Flokkur II

Ganga án þess að þurfa hjálpartæki, eiga erfitt með að ganga úti og á almannafæri. Fyrir 2 ára aldur: Börnin sitja á gólfi en geta þurft að styðja sig með höndunum til að halda jafnvægi. Þau nota ýmist skæruliðaskrið eða skriða á fjórum fótum. Þau geta togað sig upp til að standa og gengið nokkur skref meðfram.

Frá 2 til 4 ára aldurs: Börnin sitja á gólfi en missa gjarnan jafnvægið þegar þau handfjatla hluti með báðum höndum. Þau fara í og úr sitjandi stöðu án aðstoðar. Þau toga sig upp til að standa þegar undirlag er stöðugt. Þau skriða á fjórum fótum með víxlhreyfingum, ganga meðfram og koma sér um með gönguhjálpartækjum.

Frá 4 til 6 ára aldurs: Börnin geta setið í stól án þess að styðja sig með höndum. Þau handfjatla hluti með báðum höndum. Þau standa upp af gólfi og úr stól en þurfa oft að ýta sér eða toga sig upp með höndunum. Þau geta gengið án gönguhjálpartækja inni og styttri vegalengdir á jafnsléttu úti. Börnin ganga stiga með því að halda sér í handrið en geta hvorki hlaupið né hoppað.

Frá 6 til 12 ára aldurs: Börnin ganga um úti og inni og ganga stiga með því að halda sér í handrið. Þau eiga erfitt með að ganga á ójöfnum, í halla og í mannfjölda eða þrengslum. Flóknar athafnir reynast þeim mjög erfiðar, s.s. hlaup eða hopp.

### Flokkur III

Ganga með gönguhjálpartæki, eiga erfitt með að ganga úti og á almannafæri. Fyrir 2 ára aldur: Börnin sitja á gólfi með stuðningi við mjóbak. Þau velta sér og skriða áfram á maganum.

Frá 2 til 4 ára aldurs: Börnin sitja á gólfi, oft í froskasetstöðu (með innsnúnar mjaðmir og hné bogin þannig að báðir fætur eru utanvert við mjaðmalíði) og geta þurft aðstoð til að komast í stöðuna. Þau koma sér um með því að skriða, ýmist á maganum eða fjórum fótum (oft án víxlhreyfinga fóta). Börnin geta togað sig til að standa á stöðugu undirlagi og gengið meðfram styttri vegalengdir. Þau geta einnig gengið styttri vegalengdir inni með gönguhjálpartæki ef þau fá aðstoð við að stýra.

Frá 4 til 6 ára aldurs: Börnin sitja í venjulegum stól en geta þurft mjaðma- eða bolstuðning til að auðvelda beitingu handa. Þau setjast og standa upp úr stól með því að ýta sér eða toga sig upp með höndunum. Þau ganga um með gönguhjálpartæki á jafnsléttu og ganga stiga með aðstoð. Þeim er oft ekið utandyra, í ójöfnum eða lengri vegalengdir.

Frá 6 til 12 ára aldurs: Börnin ganga með því að nota gönguhjálpartæki inni og á jafnsléttu úti. Þau geta jafnvel gengið stiga með því að styðja sig við handrið. Það fer eftir styrk í handleggjum hvort börnin keyra handknúinn hjólastól eða er ekið þegar þau fara lengri vegalengdir eða eru í ójöfnum utandyra.

### Flokkur IV

Getan til að koma sér sjálf um er afar takmörkuð, er ekið eða nota rafmagnshjólastóla úti og á almannafæri. Fyrir 2 ára aldur: Börnin hafa stjórn á höfði en þurfa stuðning við bol til að sitja á gólfi. Þau geta velst sér yfir á bakið og jafnvel yfir á magann.

Frá 2 til 4 ára aldurs: Börnin sitja á gólfi ef þau eru látin sitja en geta hvorki setið bein né haldið jafnvægi nema með því að styðja sig með höndum. Þau þurfa oft hjálpartæki til að sitja og standa. Þau geta komið sér sjálf stuttar vegalengdir (innan herbergis) með því að velta sér, skriða á maganum eða á fjórum fótum án víxlhreyfinga fóta.

Frá 4 til 6 ára aldurs: Börnin sitja í stól en þurfa sérlagað sæti til stuðnings við bol og til að auðvelda þeim beitingu handa. Þau setjast í stól og standa upp með aðstoð eða með því að ýta sér eða toga sig upp með höndunum. Þau geta í mesta lagi gengið stuttar vegalengdir í göngugrind ef þeim er leiðbeint. Þau eiga erfitt með að taka beygjur og halda jafnvægi í ójöfnum. Börnunum er ekið um á almannafæri. Þau geta jafnvel komið sér sjálf um í rafmagnshjólastól.

Frá 6 til 12 ára aldurs: Börnin geta viðhaldið þeirri færni sem þau náðu fyrir sex ára aldur eða fara að treysta meira á hjólastól heima, í skólanum og á almannafæri. Þau geta komið sér sjálf um í rafmagnshjólastól.

### Flokkur V

Getan til að koma sér sjálf um er afar takmörkuð þrátt fyrir notkun hjálpartækja. Fyrir 2 ára aldur: Hreyfihömlun hindrar viljabundna stjórn hreyfinga. Börnin eru ófær um að halda höfði og bol uppi á móti þyngdarafli í magalegu eða þegar þau sitja. Þau þurfa aðstoð við að velta sér.

Frá 2 til 12 ára aldurs: Hreyfihömlun hindrar viljabundna stjórn hreyfinga og getu til að halda höfði og bol uppi á móti þyngdarafli. Hreyfigetan er skert á öllum sviðum. Notkun hjálpartækja sem eru löguð að börnunum nær ekki að bæta upp skerta getu þeirra þegar þau sitja og standa. Í flokki V geta börnin ekki komið sér sjálf um og þeim er ekið. Sum barnanna nota rafmagnshjólastól sem hefur verið lagaður að þeim.

#### Munur á flokkum I og II

Börn í flokki II eiga erfiðara með að komast um, svo sem ganga um utandyra og á almannafæri, en börn í flokki I. Þau þurfa hjálpartæki þegar þau byrja að ganga. Það er munur á gæðum hreyfinga og grófhreyfingum milli flokka.

#### Munur á flokkum II og III

Hægt er að sjá mismun á því hve mikilli hreyfigetu börnin ná. Börn í flokki III þurfa gönguhjálpartæki og oft spelkur til að geta gengið en börn í flokki II þurfa ekki á hjálpartækjum að halda eftir fjögurra ára aldur.

#### Munur á flokkum III og IV

Munur á flokkunum felst í getu barna til að sitja og komast um, jafnvel þótt þau noti mörg hjálpartæki. Börn í flokki III sitja sjálf, geta farið um á gólfi og gengið með hjálpartækjum. Börn í flokki IV sitja (venjulega með stuðningi) en getan til að komast um er afar takmörkuð. Börnunum í flokki IV er oftast ekið eða þau nota rafmagnshjólastóla.

#### Munur á flokkum IV og V

Börn í flokki V eru ósjálfbjarga. Þau vantar jafnvel þá grunnfærni að stjórna stöðu líkamans á móti þyngdarafli. Börnin koma sér einungis sjálf á milli ef þau geta lært að nota rafmagnshjólastól.